

Laganefnd L.M.F.Í.

Alþingi
Erindi nr. P 123/433
komudagur 4.12.98



Umsögn um frv. til laga um
þjónustukaup (113. mál).

Reykjavík, 4. desember 1998

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um ofangreint frumvarp. Laganefnd hefur áður veitt umsögn sína um frumvarpið en ekki er að sjá að gerðar hafi verið á því breytingar frá því það var fyrst lagt fram á Alþingi.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er því ætlað að taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu, sem veitt er neytendum í atvinnuskyni, sbr. nánari tilgreiningu í 1. – 4. tölulið 1. gr. frumvarpsins. Við samningu frumvarpsins var m.a. stuðst við norsk lög um sama efni og frumvarp til sambærilegra laga í Danmörku.

Laganefnd telur það almennt til bóta að lögfesta þær meginreglur kröfuréttarins, sem fjalla um þjónustukaup, svo sem stefnt er að með frumvarpinu.

Að því er varðar einstök ákvæði frumvarpsins er rétt að taka eftirfarandi fram:

Í 11. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um heimild neytanda til að halda eftir eigin greiðslu vegna galla á þeirri þjónustu, sem veitt er. Í lokamálsgrein er heimilað að neytandi geti haldið allri greiðslu sinni þar til úrbætur hafa farið fram, nema að gallinn teljist óverulegur, þá má einungis halda eftir greiðslu sem jafngildir kostnaði við úrbætur á gallanum. Ákvæðið mælir með öðrum orðum svo fyrir að alltaf megi halda allri greiðslu, nema að gallinn sé óverulegur. Ekki verður séð að rétt sé að víkja frá grunnsjónarmiðum um að réttur til að halda eigin greiðslu sé jafnan í samræmi við þann galla sem um ræðir.

Í 14. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um riftunarheimild, ef "... seld þjónusta er gölluð og vinnu sem hefur verið unnin er verulega áfátt ..." Að mati laganefndar er þetta orðalag óskýrt og mætti gjarnan umorðast þannig að það verði betur skiljanlegt.

Í lokamálsgrein 23. gr. segir að seljandi þjónustu eigi kröfu með sama hætti og neytandi, ef tímamörk sem samið hefur verið um, eru ekki virt. Greiðsla neytanda er væntanlega í flestum tilvikum peningagreiðsla, sem inna á af hendi sem endurgjald fyrir veitta þjónustu. Vanefndir á peningagreiðslum varða jafnan eingöngu dráttarvöxtum, en annað fjártjón er ekki bætt. Með vísan til þessa er óljóst hvað átt er við með niðurlagi 23. gr.



Í IX. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um meðferð hluta, sem ekki eru sóttir. Í 37. gr. er almenn regla um umönnunarskyldu seljanda þjónustu (1. mgr.) og um aðvörunarskyldu (1. málslíður 2. mgr.). Ekki verður betur séð en að regla sú, sem mælt er fyrir um í 2. málslíðu 2. mgr. 37. gr. tilheyri úrræðum þeim, sem vikið er að í 38. gr.

Í 40. gr. er tiltekið að tilkynningar megi m.a. senda með “ritsíma”. Ætla má að neytendur þekki betur það orðatiltæki að senda “símskeyti”.

Virðingarfyllt
f.h. laganefndar L.M.F.Í.

Andri Árnason, hrl., formaður